

LogPh VERKEFNI 1.

**Kælikerfi með vatnskældum eimsvala vinnur við eftirfarandi aðstæður:
Lesið af mælum kerfisins**

- A) Kælimiðill er R-134A.
- B) Hitastig í þrýstiröri frá þjöppu er 110°C.
- C) Þrýstingur á eimsvala er 10 bar.
- D) Hitastig á vökvalögn að þensluloka er 8°C.
- E) Sogþrýstimælir sýnir 0,5 bar.
- F) Hitamælir á soglögn við þjöppu sýnir -10°C.
- G) Hitastig vatns að eimsvala er 8°C.
- H) Hitastig vatns frá eimsvala er 29°C.
- I) Vatnsmagn inn á eimsvala mælt með rennslismæli er 40 rúmmetrar á 1 klst og 20 mínútum.

1. 20%

Teiknið einfalda mynd af kælikerfinu, setjið inn hitastig og þrýsting samkvæmt ofangreindu og nefnið alla aðalhluta þess. Staðsetjið skynjara þenslulokans á réttan stað.

(Myndin og skýringar fylli út ca: eina síðu A4)

2. 30%

Setjið alla punkta greinilega inn á meðfylgjandi PH línurit og teiknið hringferilinn.

3. 30%

Finnið út eftirfarandi:

- a. Kæligetu kerfisins í kW.
- b. Afnotkun rafmótorsins í kW.

4. 20%

Lýsið í nokkrum orðum hvernig kerfið hagaði sér ef lokað yrði fyrir vatnið að eimsvala.